

## **Starfsáætlun fræðslunefndar KÍ í fræðslumálum 2014-2018**

Hlutverk fræðslunefndar er að gera tillögur um og skipuleggja fræðslu á vegum KÍ í samráði við stjórn, nefndir og ráð KÍ og formenn svæðafélaga/-deilda. Stjórn KÍ ákvarðar hvaða fjármunum skuli veitt til fræðslustarfs og tekur endanlegar ákvarðanir um umfang og framkvæmd fræðslunnar.

Markmið með sameiginlegri fræðslu á vegum KÍ þvert á aðildarfélög er að nýta hagkvæmni og kosti stærðarinnar. Ennfremur að skapa samræðuvettvang milli skólastiga/skólagerða og efla þannig samstarf og tengsl milli allra félagsmanna KÍ. Við skipulagningu fræðslunnar skal þess gætt að tekið sé tillit til mismunandi aðstæðna félagsmanna eins og kostur er. Þar er meðal annars átt við mismunandi vinnutíma og fjarlægðir til fundastaða. Kanna skal möguleika fjarfundabúnaðar og vefnámskeiða og gæta þess að efni sé aðgengilegt á vefsvæði, eins og við á hverju sinni.

### **Fræðslunefnd leggur áherslu á eftirfarandi verkefni tímabilið 2014-2018:**

- Forystufræðsla haustið 2014 fyrir þá sem veljast til trúnaðarstarfa á vegum KÍ og aðildarfélaganna til að styrkja fulltrúa í störfum sínum.
- Árleg trúnaðarmannafræðsla um störf trúnaðarmanna, hlutverk þeirra, réttindi og skyldur og helstu hagsmunamál stéttarinnar ásamt öðru sem brennur á hverju sinni. Fyrsta trúnaðarmannafræðsla verður haldin haustið 2014 og verður hún fyrir nýja og nýlega trúnaðarmenn. Aðildarfélögin sjá um fræðslu sem tengist kjarasamningum og starfsemi hvers félags.
- Sérstök fræðsla fyrir aðra hópa félagsmanna svo sem formenn svæðafélaga/-deilda, unga kennara og kvenkennara til að þjálfa hæfni og auka virkni í félagsstarfi.
- Fræðslu/umræðufundir sem eru opnir öllum félagsmönnum um helstu kjara- og réttindamál, skóla- og menntamál og aðra málaflokka í samstarfi við nefndir KÍ um mál sem eru efst á baugi hverju sinni.
- Fræðslufundir einu sinni á ári fyrir þá kennaranema sem eru komnir að útskrift um starfsemi og stefnumið KÍ til að gera þá að virkum þátttakendum þegar þeir hefja kennslu. Ennfremur er stefnt að sérstökum fræðslufundum fyrir stjórnir félaga kennaranema um sömu mál.
- Hvetja til og leita leiða að KÍ og aðildarfélögin skipuleggi eins og kostur er ráðstefnur, málþing, fundi og námskeið um hin ýmsu mál sem geta verið á dagskrá samtímis og/eða eru sameiginleg og varða alla félagsmenn óháð því hvar þeir starfa.

- Skoða þörf og möguleika á að gefa út, í samráði við útgáfusvið KÍ, upplýsingabæklinga og kynningarefni (í riti og/eða á neti) um einstaka málaflokka sem koma félagsmönnum, trúnaðarmönnum og öðru forystufólki að gagni.
- Fræðslunefnd leggur áherslu á samstarf við siðaráð, jafnréttisnefnd og vinnuumhverfisnefnd KÍ um fræðslumál.

Samþykkt á fundi fræðslunefndar KÍ 5. september 2014.

Samþykkt á fundi stjórnar KÍ 17. september 2014.